

Nd.

1000. Nefndarálit

[400. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 63 28. maí 1969, um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf, með síðari breytingum.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið. Fram kom við meðferð nefndarinnar að í næsta mánuði mun nefnd, sem fjallar um opinbera stefnumörkun í áfengismálum, skila álit. Fulltrúar áfengisvarnaráðs mæltust til þess að þingið frestaði meðferð málsins til næsta þings þar sem þá mætti athuga það betur í heildarsamhengi, en nefndin hafði aðeins einn fund til þess að fjalla um málið.

Af þessum ástæðum leggur minni hl. til að málið verði afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem þingið hefur haft nauman tíma til að fjalla um mál þetta, auk þess sem nefnd um opinbera stefnumótun í áfengismálum skilar af sér í næsta mánuði, telur deildin ekki ástæðu til þess að afgreiða málið á þessu þingi og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 21. apríl 1986.

Svavar Gestsson.